

Fréttabréf



Sumarútleiga 2020

Tillaga uppstillingarnefndar

Trúnaðarmannanámskeið FIT

FÉLAGSSKÍRTEINI

Mínum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á helga@samidn.is. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afslættirnir eru á bilinu 5% til 15%. Það má nálgast upplýsingar um fyrirtækin á mínum síðum á fit.is

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við mínum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins. Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

ÚT Í BLÁINN

Mínum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem verða að venju á vorönn 2020. Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu. Allir vilja stunda útivist og gönguferðir og hvað er þá betra en að fara út í bláinn einu sinni í mánuði fram á vor. Farið er í léttar gönguferðir í hópi fólks þar sem gleðin og góða skapið eru í öndvegi. Þetta er tilvalið tækifæri til að sameina fjölskylduna í léttri gönguferð. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins og er lagt af stað frá Sórhöfða 31. klukkan 13.00 og áætluð heimkoma kl. 16.00. Fylgist með auglýsingum á heimasíðu FIT eða hringið í Hús Fagfélagann í síma 540 0100 til að fá nánari upplýsingar.



BRIDGE

Frá því í haust hafa verið haldin bridge-kvöld á Stórhöfða 31 annan hvern fimmtudag. Áfram verður haldið á nýju ári og verður spilað aðra hverja viku fram til vors. Allir velkomnir.

Eftirfarandi er mótaröðin á vorönn 2019:

- 6. febrúar: Byggiðnarbikarinn, tvímenningur
- 20. febrúar: Byggiðnarbikarinn, tvímenningur
- 5. mars: Húsasmiðjubikarinn, sveitakeppni
- 19. mars: Húsasmiðjubikarinn, sveitakeppni
- 3. apríl: Lokakvöld, einmenningur

Spilamennska hefst kl. 19:00 stundvíslega. Allir félagsmenn velkomnir

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í Iðunni, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

Verð á námskeið Iðunnar eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu Iðunnar: idan.is

Styrkjum iðnaðarlögin

Oft á tíðum er afar þreytandi þegar stjórnvöld segja eitt við hátíðleg tækifæri en gera síðan eitthvað allt annað. Sannast þá að eitt er í orði en annað á borði. Ljósflifandi dæmi um þetta er iðnaðarlögin. Fyrir þingi liggur frumvarp um einföldum regluverks en sá hluti þess sem snýr að okkur iðnaðarmönnum er hvorki fugl né fisku og er satt að segja skref í öfuga átt enda halda rökin fyrir breytingunum ekki vatni. Við höfum sent inn umsagnir um þetta sérkennilega frumvarp þar sem skoðunum okkar er komið skýrt á framfæri. Stjórnvöld hafa talað fjálglega um að styrkja iðngreinar í sessi en leggja svo fram frumvarp þar sem ekki er með neinum hætti skerpt á úrræðum um eftirlit og stuðning, kæruleiðir eru hvorki gerðar skýrari né fljótvirkari og til að bíta höfuðið af skömminni, er ekki sinni haft samráð við iðnaðarmannafélögin við endurskoðun iðnaðarlaga. Óþolandi er engin viðurlög séu við því að kenna sig við löggiltar iðngreinar án innistæðu. Jafn óþolandi er að stjórnvöld lýsi því yfir í tengslum við frumvarpið að verulega hafi skort á eftirlitshlutverk þeirra sjálfra og noti það svo til að réttlæta niðurfellingu kröfu um iðnaðarleyfi. Stjórnvöld ættu frekar að líta til Þýskalands þar sem áherslan er þvert á móti lögð á góðar og ítarlegar skráningar, virkt eftirlit og alvöru styrkingu iðnaðarlaga.

Linkind gagnvart misnotkun trausts

Átakanlegt er að fylgjast með linkind stjórnvalda gagnvart þeim sem misnota sér traust almennings. Má þar nefna þá sölumenn sem til að mynda hafa verið að selja fólki bíla þar sem búið er að skruva niður kílómetrafjölda í. FIT hefur ekki hikað við að fordæma þetta og áður sagt að þetta sé hreinræktuð glæpastarfsemi sem valdi gríðarlegum skaða á bílamarkaði og sái fræjum vantrausts og tortryggni í

huga þeirra sem ætla að kaupa notaða bíla. Þarna vikur fagmennska fyrir fúski og þetta bitnar á þeim strangheiðarlegu, sem þurfa að sitja á hliðarlínunni, rétt eins og við, og horfa upp á algjört aðgerðarleysi og linkind gagnvart þessu framferði. Þessir aðilar eru einfaldlega að brjóta á grunlausum neytendum. Af hverju er það látið viðgangast að ófaglærðir séu að störfum á þessum stöðum? Af hverju eru bílaleigubílar, sem eru mest eknu bílar landsins, aðeins skoðaðir á þriggja ára fresti í

kvæmda skiptir máli og það á jafnframt við um viðhaldsmál. Því vekur furðu hve ríki og sveitarfélög hafa verið andvaralaus og nýtt tímanna illa til framkvæmda og viðhalds þegar kjöraðstæður hafa verið til þess. Sinnuleysi og jafnvel hugsunarleysi eru orð sem koma upp í hugann þegar rólegheit ríkis og sveitarfélaga á sviði framkvæmda og viðhaldsmála eru skoðuð í því umhverfi sem ríkt hefur. Er það frekja að óska eftir að þessir aðilar séu á tánum og hugsji örlítið fram í tímann? Varla.

STYRKJUM IÐNAÐAR-MANNALÖGIN EN VEIKJUM ÞAU EKKI



Hilmar Harðarson
formaður

staðinn fyrir árlega? Aðrir atvinnubílar eru skoðaðir árlega. Þetta er óþolandi og FIT mótmælir enn á ný því ástandi sem leyft er að ríkja.

Skortur á samráði

FIT kallar eftir að auknu samráði hins opinera við okkur iðnaðarmenn, en verulega hefur skort á það. Opið og gagnsætt samráðsferli ætti að vera reglan en ekki undantekningin, en enn á ný þurfum við að ganga hart eftir því að hið eðilega verklag sé viðhaft. Samráð hjálpar öllum og hið opinbera ætti að sjá sóma sinn í að snúa við blaðinu og viðurkenna að óeðlilega lítið samráð sé viðhaft.

Tíminn illa nýttur

Æ betur sést hve mikilvægt er að nýta tímann vel. Tímasetning fram-

Vinnutímastytting

Nú upp úr mánaðamótum munum við kynna hugmyndir að vinnu-

tímastyttingu en eins og félagar í FIT hafa verið upplýstir um, hafa viðræður okkar iðnaðarmanna við Samtök atvinnulífsins um styttingu vinnuvikunnar farið lengra en margir bjuggust við. Vinnuvikan á Íslandi er með því lengsta sem þekktist og við höfum verið með einfalda kröfu; við viljum styttri vinnuviku án nokkurrar launaskerðingar. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með upp úr mánaðamótum þegar við kynnum málið.

Trúnaðarmannanámskeið FIT

Mars-mánudur verður sannkallaður trúnaðarmanna-mánudur hjá Félag iðn- og tæknigreina. Haldin verða sameiginleg námskeið með öðrum fagfélögum að Stórhöfða 31.

Peir sem hafa áhuga og/eða eru trúnaðarmenn á sínum vinnustað eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í síma 540-0100 eða senda okkur tölvupóst á fit@fit.is.

Kennarar verða Sigurlaug Gröndal, verkefnastjóri Félagsmálaskólans og starfsmenn fagfélaganna. Nemendur fá í hendur námsgögn sem notuð eru fyrir hvern námsþátt. Á innri vef fara fram samskipti nemenda og leiðbeinenda. Athugið að skráningu lýkur viku fyrir fyrsta námskeiðsdag.

Nemendur þurfa að skrá sig inn á innri vef Félagsmálaskólans: www.felagsmalaskoli.is. Stofna þarf aðgang með islykli, rafrænum skilríkjum eða lykilorði.

Nemendur munu geta fylgst með námsframvindu sinni inni á

Trúnaðarmaður stéttarfélag

Skýrt er kveðið á um hlutverk trúnaðarmanns í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur. Samkvæmt 9. gr.laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 er það hlutverk trúnaðarmanns að gæta þess að gerðir samningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Ellefti kafli kjarasamninga fjallar einnig um trúnaðarmenn. Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélagins á vinnustaðnum og sem slíkur er hann tengiliður félagsins og starfsmannanna. Hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum er mjög mikilvægt, bæði fyrir félagsmenn og ekki síst fyrir stjórn félagsins og starfsmenn.

innri vef skólans. Þar munu þeir einnig fylla út námsmat og sækja viðurkenningarskjölin að námskeiði loknu.

Munið að nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa meðferðis far-tölvu, ípad eða símann sinn á námskeiðunum, þar sem námsefni verður meira eða minna rafrænt.

Fagfélögin greiða fyrir þátttöku sinna félagsmanna og boðið er uppá ókeypis mat og kaffi á meðan námskeiðin fara fram. Félagsmenn eiga að halda launum frá sínum launagreiðanda á meðan námskeið eru.

Eftirfarandi trúnaðarmannanámskeið verða í boði hjá FIT:

Trúnaðarmannanám 1. hluti 5. - 6. mars.

Á námskeiðinu er meðal annars farið ítarlega í hlutverk stéttarféлага, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði. Einnig er hlutverk trúnaðarmannsins rætt og hvernig hann eigi að vinna með umkvörtunarefni.

Trúnaðarmannanám 3. hluti 16. - 17. mars.

Farið er í grunntölur launa og útreikninga á launaliðum. Farið er í mikilvægi launaseðla og kunnáttu að yfirfara þá. Einnig er farið í almannatryggingakerfið og uppbyggingu og hlutverk lífeyrissjóða.

Trúnaðarmannanám 4. hluti 30. - 31. mars.

Kynning á Virk-starfsendurhæfingarsjóðnum og starfi ráðgjafa hans. Kynning á Vinnueftirlitinu-skyldum atvinnurekanda í vinnuvernd og trúnaðarmanna. Farið er í hvernig sjálfstraust einstaklinga hefur áhrif á samskipti. Nemendur kynna áhrifum skorts á sjálfstrausti og ýmsar birtingamyndir þess. Nemendur kynna leiðum til að efla sjálfstraustið og hvaða aðstæður geta haft áhrif á minnkandi sjálfstraust.

Hús Fagfélaganna

Húsið er nýtt skrifstofuhúsnæði Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambandsins, Matvís, Samiðnar og Byggiðnar.

Það var formlega opnað á Stórhöfða 31 þann 25. nóvember.

Samstarfið er kallað 2F í Húsi Fagfélaganna. Samstarfið byggir á því að bæta enn frekar þjónustu við félagsmenn.

Sameiginleg móttaka er í húsinu, formenn félaganna hafa skrifstofur á sama gangi auk þess að sambærileg starfsemi mismunandi sviða félaganna eru á einum stað.

Við minnum á nýtt símanúmer hjá FIT 540 0100



Mjög fræðandi og eflandi Viðtal við trúnaðarmann FIT

Í ljósi þess að við erum stöðugt að leita leiða til að virkja grasrótina í Félagi iðn- og tæknigreina þá ákváðum við að taka viðtal við Guðjón Hauk Jóhannsson trúnaðarmann hjá Veitum ohf. og fá hans upplifun af því að taka þátt í starfi FIT.

Guðjón er starfsmaður Veitna ohf. sem er hluti af Orkuvietu Reykjavíkur og hefur starfað þar við góðan orðstír í nokkur ár. Guðjón Haukur byrjaði að vinna við pípulagnir hjá J.B. pípulagnir árið 2005 sem aðstoðarmaður og vann þar í nokkur ár áður en hann fór í raunfærnismat hjá Iðunni fræðslusetri. Guðjón hafði áður verið á málmiðnaðarbraut hjá Tækniskólanum og fékk það að fullu metið. Að hans mati er raunfærnismatið „algjör snilld og kom sér mjög vel fyrir mig“. Guðjón lauk síðan sveinsprófi 2011 og hefur unnið við iðn sína samfellt síðan þá. Aðspurður hvort að Guðjón sé að hugsa um að verða meistari í pípulögnum? „Nei ég hugsaði um það fyrst eftir sveinsprófið en eins og er þá er það á bið. Tíminn hjá mér núna fer mest í fjölskylduna og svo auðvitað vinnuna, en ég er giftur og á 2 börn.“

Það besta við starfið er félagsskapurinn segir Guðjón og bætir við „það er mjög góður andi á vinnustaðnum og hópurinn sem er að vinna í pípulögnum er bæði skemmtilegur og mjög fjölbreyttur“ Hann segir jafnframt að aðbúnaðurinn hafi líka mikið að segja og hann er til fyrirmyndar hjá Veitum og starfið er bæði krefjandi og fjölbreytt.

Hvað ertu búinn að vera lengi sem trúnaðarmaður og hver er þín upplifun af því hlutverki? „Ég er búinn að vera trúnaðarmaður í tæp

4 ár og búinn að fara á trúnaðamannnámskeið 1 og 2“. Guðjón heldur áfram og segir „maður er í mikilli tengingu við það sem er að gerast hjá Félagi iðn- og tæknigreina og einnig á vinnustaðnum“ og eftir smá hugsun heldur hann áfram „maður er meira inn í máluðum, réttindi félagsmanna, tengslanetið stækkar því það er mjög gott að hitta aðra trúnaðarmenn og mynda tengsl við þá“. Aðspurður hvað varð til þess að Guðjón gerðist trúnaðarmaður? „Eftir samtali við starfsmann FIT þá ákvað ég að slá til eftir að trúnaðamannastaðan losnaði hjá fyrirtækinu. Ég sé ekki eftir því“. Okkur lék þá forvitni á að vita hvernig upplifun hans var af kjaraviðræðum. Nú hefur þú tekið þátt í kjaraviðræðum fyrir FIT við Orkuveitu Reykjavíkur, hvernig var sú upplifun? „Hún var mjög upplýsandi og maður fékk mikla innsýn í þetta ferli sem samningar eru, allt frá því að vinna við kröfugerð og þangað til að skrifað er undir samninga. Samningavinnan tekur ótrúlega langan tíma og eins voru síðustu samningar merkilegir vegna þess að allir iðnaðamannahóparnir voru saman í sinni kröfugerð og viðræðum við Orkuveitunna“.

Eitthvað sem þú vilt segja að lokum? „Ég hvet fólk að kynna sér starfsemina sem fram fer innan félagsins og vera opin fyrir því að taka að sér hlutverk m.a. trúnaðarmanns því það hefur verið mjög fræðandi og eflandi fyrir mig“

Við þökkum Guðjóni Hauki kærlega fyrir spjallið og hlökkum til að taka á móti honum ög öðrum trúnaðarmönnum á trúnaðarmannnámskeið númer 3. Sem fer fram hér hjá okkur að Stórhöfða 31 16. og 17. mars.

Göngum snyrtilega um eigur okkar

Það er gaman að geta hrósað félagsmönnum FIT fyrir góða umgengni í orlofshúsum félagsins en því miður er það ekki algilt. Það eru því miður einstaka félagsmenn sem ganga ekki snyrtilega um eigur sínar og annarra félagsmanna með nægjanlega mikilli snyrtimennsku og virðingu. Við eigum að kappkosta að ganga vel um, hvar sem við erum. Við skiljum ekki eftir rusl, matarleifar og óhreinindi í orlofsbústöðunum fyrir næstu félagsmenn, heldur göngum frá eftir okkur. Þetta er ekki flókið. Sýnum félagsmönnum og félaginu þá virðingu að ganga snyrtilega um.

Umgengni í orlofshúsum FIT

„Óhreinindastuðull“

Því verður vart trúað að innri maður svo margra félagsmanna FIT sé með þeim hætti sem hann birtist okkur stundum í umgengni húsanna. Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðull“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhrein á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þrífni séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólf, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka. Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús/íbúð FIT.

- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita sem fyrst í síma 540 0100, eða sendið póst á netfangið fit@fit.is.
 - Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif.
 - **Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000.**
 - Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
 - Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnunum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.
 - Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má.
- Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.**



Leiguverðið á orlofshúsum í sumarúthlutuninni 2020 verður óbreytt enn eitt árið. Við minnum því á að forsenda þess að hægt sé að leigja orlofshúsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Sumarútleiga orlofshúsa 2020 (júní-ágúst)

Mánudaginn 10. febrúar er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasiðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarúthlutun. Mánudaginn 24. febrúar er lokað fyrir umsóknir um sumarúthlutun. Föstudaginn 28. febrúar eiga allir að hafa fengið svar við orlofsúmsókn sinni. Mánudaginn 9. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað. Miðvikudaginn 11. mars klukkan 13:00 eru ógreiddar og óúthlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir fyrstir kemur fyrstir fær.

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólk má senda tölvupóst á fit@fit.is eða fengið upplýsingar í síma 540-0100.

Ekki er tekið við umsóknum í síma. Þegar sótt er um raf-rænt þarf að innskrú sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á. Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 12. júní og lýkur 21. ágúst. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á föstudegi til 12:00 næsta föstudag.

Ferðavagnar. Félagsmönnum stendur til boða að kaupa sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Í boði verða 30 niðurgreiðslur og kostar 5.000 krónur að fá 25.000 króna afslátt. Hver félagsmaður má einungis kaupa einn ferðavagnaafslátt. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráð og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Þegar búið er að kaupa afsláttinn á orlofsvefnum og prenta út skjal er hægt að fylla það út og skanna skjalið ásamt leigusamningi og senda á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns. Einnig er hægt að koma með pappírana á skrifstofu FIT. Athugið að þeir sem kaupa ferðavagnaafslátt geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 20 orlofs-punktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keyptur er ferðavagnaafsláttur.

Ferðaávisanir. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðaávisanir sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðaávisun í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr.

35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun. **Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 11. febrúar** og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu.

Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa afsláttarmiða fyrir hótulgistingu, veiðikortið, golfkortið, útilegukortið og fleira ef samningar takast um góð kjör.

Afslættir til félagsmanna. Munið að taka kortið með í frið, því að félagsskírteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum um allt land gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT, mínar síður og velja afslættir.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2020 mánudaginn 2. mars kl.13:00 til félagsmanna FIT.

Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrifagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT. Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 9. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.



Haukur Már Haraldsson:

Þetta er maðurinn

**Spjall við Helga Grétar Kristinsson
málara, listamann og kennara**

Helgi Grétar Kristinsson er Austfirðingur, fæddur á Eskifirði á ársafmælisdegi lýðveldisins. Er búinn að mennta sig meira í sínu fagi en margir kollegar hans og hefur fengist við ýmsar hliðar þess. Og er enn að miðla af þekkingu sinni. Þegar hann fæddist og ólst upp á Eskifirði var samfélagið þar byggt af öfum og ömmum, mæðrum og börnum. Feðurnir voru flestir annars staðar obbann af árinu, á vertíð hér og þar á landinu. „Þannig var það með pabba; hann var fjarri heimilinu á vertíðum, kom svo heim og barnaði áður en hann fór á næstu vertíð.“

Það var nóg að gera fyrir krakka á Eskifirði. Leikirnir tengdust sjónum að sjálfsögðu, þannig er það í minningunni. Strákarnir fengu að fara með körlunum út á fjörðinn á trillunum þeirra og veiða; tóku upp net og sýsluðu við það sem tengdist lífinu í svona plássi þar sem allt mannlífið tengdist sjónum.

Og það var samt í þessu mannlífi, þar sem allt snerist um sjóinn, sem Helgi Grétar fékk sín fyrstu kynni af litum og málun.

„Í næsta húsi við okkur bjó málari sem hét Auðbjörn Eiríksson. Hann hafði vinnustofu í kjallaranum hjá sér. Ég sótti mikið í að heimsækja hann og einhvern tíma kallaði hann í mig og spurði hvort ég hefði ekki áhuga á að koma í vinnustofuna sína. Ég hélt nú það. „Þá þarftu að gera mér smágreiða; þú þarft að fara niður í beinamjölsverksmiðju – gúanóið – og gella fyrir mig fisk.“

Gella? Ég hafði ekki hugmynd um hvað það var. Þá setti hann þumal og vísifingur sitt hvoru megin við barkann á hálsi sér og sagði: „Þú tekur bara svona og kúttar á.“

Ég komst inn á verkstæðið til hans og hafði voðalega gaman af því. Hann var auðvitað að sýsla þarna með liti, verandi bæði húsa-málari og listmálari. Um sumarið vildi hann koma mér í smávinnu og bað mig að mála stakketið í kringum húsið sitt. Það var talsvert verk og ekki gert á einum degi. Þá réði ég Örn bróður minn og skólabróður hans í vinnu til að hjálpa mér við verkið. En þeir voru fljótir að láta sig hverfa þegar þeir komust að því að ég borgaði þeim helmingi minna en ég fékk greitt.“

Þetta voru fyrstu kynni Helga af litum og málun.

Suður með sjó

Líf fjölskyldunnar breyttist þegar faðir hans fékk vinnu á Keflavíkurflugvelli, fasta vinnu. Það var í kringum 1952 og fjölskyldan fluttist suður til Keflavíkur 1956.

–Var eitthvað líkt með þessum tveimur stöðum? Saknaðirðu einhvers að austan?

„Vitaskuld einhvers. Þar var skyldfólkið mestallt. Við vorum sjö systkini og flest þeirra söknuðu vina sinna. En ég var á einhvers konar millialdri og enginn djúpur söknuður hjá mér eftir lífinu fyrir austan. Svo komst ég mjög fljótlega inn í menninguna þarna suðurfrá; náði góðu sambandi við skólafélaganna.“

Ég kynntist fljótlega skemmtilegum strák og við urðum miklir vinir. Hann hét Rúnar Júlíusson. Við vorum jafnaldrar og skólafélagar. Hann útvegaði okkur starf í fiskvinnu þegar við vorum 15 ára, hjá frænda sínum sem rak hf. Keflavík, útgerðarfyrirtæki með marga báta. Árið efir fannst okkur einhvern veginn að það væri ekki við okkar hæfi að vinna í fiski. Þá þekkti Rúnar menn sem voru nýútskrifaðir sem málara og voru búnir að stofna fyrirtækið Kristinn og Birgir. Við fengum vinnu þar. Þetta var alhliða málningarfyrirtæki; þeir máluðu hús og báta og allt sem til féll. Þannig að það má með sannri segja að Rúnar hafi komið mér í málninguna.“

–En Rúnar hefur ekki í lengst í málningunni?

„Nei, hann var ekki nema stuttan tíma, kunni ekki við þetta starf. Hann vildi frekar komast upp á völl og vinna þar. Svo fór hann að spila músikk.“

–Heldurðu að þú hefðir farið að spila músikk með honum ef tækifæri hefði skapast?

Helgi hlær. „Nei, það held ég að hefði aldrei gerst.“

„Það var alltaf draumur minn að fara í fara í auglýsingateiknun, alveg frá því ég man eftir mér. Það var fastgreipt í mínum huga. Svo ég fer að ræða málið við Birgi, að ég sé að reyna að safna mér fyrir fargjaldi til að fara utan til náms. Þá segir Birgir: „Sko, þú bara kemur á samning hjá okkur og svo áttu bara fullt af peningum.“



”

Þetta var auðvitað bara leiktjaldamálun, en vakti þó almenning til umhugsunar um þessi mál. Margir gjörbreyttu um skoðun á þessum gömlu húsum. Eiginlega má segja að varla megi snerta við gömlum húsum eftir þetta“


Og það varð úr. Þeir Kristinn og Birgir voru dugnaðarstrákar og mikill uppgangur hjá þeim.“

Til Álaborgar

„Ég átti mjög erfitt með að standa í stiga við vinnuna en hafði mikinn áhuga á auglýsingum og skiltum, þannig að ég eiginlega helgaði mig því. Þannig að í raun var ég kominn á samning í skiltamálun.“

Svo fara þeir Birgir og Kristinn á meistarskóla í Álaborg. Birgir skrápp svo heim vegna þess að tengdafaðir hans dó og hann segir við mig: „Nú verður þú klár eftir viku og kemur með mér út. Ég er búinn að útvega þér skóla í auglýsinga- og skiltamálun.“ Svo ég fór til Álaborgar og var þar í tæpt ár í skilta- og auglýsingamálun.

Eftir Álaborgardvölina var ég orðinn fullnuma í auglýsinga- og skiltagerð og fór að vinna fyrir Ósvald Knudsen og Daníel Porkelsson, sem ráku þá fyrirtæki í Brautarholtinu. Þar vorum við fimm til sjö starfsmenn í skiltamálun og þarna var ég þar til ég tók



Myndlistarmennirnir Helgi Grétar og Alfrið Flóki

sveinspróf. Á þessum tíma voru húsamálun og skiltamálun sama iðngrein. Á hinum Norðurlöndunum voru þetta hins vegar aðgreindar greinar eins og eðlilegt er. En ég sem sagt tók sveinspróf í skiltamálun.“

Keldnaholt

„Um það bil sem ég tók sveinsprófið slitu þeir Birgir og Kristinn samstarfinu og Kristinn stofnaði eigið fyrirtæki sem ég keypti hlutabréf í. Hann var meistari, en vildi að ég og fjórir aðrir í Keflavík yrðu sveinar. Fyrsta stórverkefnið sem hann fékk var að mála nýbyggingar rannsóknarstofanna á Keldnaholti. Hann bauð í þetta verkefni ásamt níu meisturum af Reykjavíkursvæðinu og fékk það. Þá stóð ég frammi fyrir spurningunni um hvað ég ætlaði að gera. Ég var að vinna hjá einu stærsta fyrirtæki landsins á þessu sviði, þar sem Ósvaldur og Daníel voru bæði með húsamálun og skiltamálun, en átti jafnframt hlutabréf í fyrirtæki Kristins. Niðurstaðan varð sú að ég hætti hjá Ósvaldi og Daníel og fór að vinna að verkefninu í Keldnaholti.“

Það urðu mikil málaferli út af þessu verkefni. Við vorum kærðir á þeim forsendum að við mættum ekki vinna utan okkar svæðis. Við vildum meina að hugtakið vinnusvæði gilti gagnvart sveinunum, verkalyðsfélaginu. Við bentum á Keflavíkflugvöll sem dæmi; allir málameistarar þar væru úr Reykjavík en sveinarnir af Suðurnesjunum. Þetta væri sambærilegt þar sem meistarnir hjá okkur væri að sunnan en sveinarnir úr Reykjavík. En þá sögðu mótherjarnir að þetta væri frísvæði.

Þetta var mikið blaðamál á þessum tíma. Við - eða Kristinn sem meistari og í forsvari - vorum algerlega á því að virða fullkomlega vinnusvæðið. Þannig myndum við aðeins ráða starfsmenn úr borginni. Við vorum með tvo lærlinga og svo þrjú sveina úr Reykjavík.

Þetta var stórt verkefni og framfleytti okkur lengi. Í kjölfarið fengum við vinnu við að mála símtöðvar víðsvegar um landið, þá var verið að byggja þær.“

-Svo fórstu að kenna, hvernig stóð á því?

Óðinsvé og Málning hf.

„Þannig var að ég kynntist skóla í Óðinsvéum (Odense) í Danmörku. Þar fannst mér vera kominn í algjör draumaskóli fyrir mig. Þeir höfðu sameinað í eina deild teiknikennslu, dekkórasjónmálun (skrautmálara?) og forverði. Þessir þættir höfðu verið sameinaðir í eitt, en höfðu áður verið sérdeildir sem útskrifuðu með diplómu. Ég sótti um og fékk skólavist haustið 1967 og var þar til 1970 - og þarna var hver þátturinn öðrum skemmtilegri.“

Ég hugsaði alvarlega um að setjast að í Danmörku, en hafði verið í sambandi við Kristján Guðlaugsson hjá meistarafélaginu. Hann vildi endilega að ég kæmi hingað heim og tæki við Málradeildinni í Iðnskólanum í Reykjavík. Þá var Jón Björnsson nýhættur þar kennslu og Sæmundur Sigurðsson, hinn kennarinn, á síðasta ári. Og þá vantaði mann til að taka við skólanum. Ég hafði mikinn áhuga á því, en þegar ég kom heim var Sæmundur þarna enn og sagðist ætla að vera í eitt ár til viðbótar. Aðeins var pláss fyrir einn kennara í einu. Ég hefði svo sem getað komist þar inn, en þá hefði vinnan bara minnkað hjá Sæmundi.

Þá fréttu þeir hjá Málningu hf. að ég væri kominn til landsins með þessa menntun og báðu mig að koma til sín í starf sem litafræðingur. Ég ákvað að taka því boði og lét kennsluna lönd og leið, utan hvað ég kenndi á námskeiðum í Keflavík.

Starfið hjá Málningu var mjög fjölþætt. Ég var bæði með að útbúa litakort og stilla upp litum fyrir viðskiptavinum að velja úr. Gera litatillögur. Blokkabyggingar voru mjög að aukast á þessum tíma og ég útbjó tillögur fyrir litaval fyrir þær, innanhúss og utan. Þetta var eiginlega alveg ný þjónusta, mikið að gera og vinnan mjög skemmtileg. Á þessum tíma var plastmálningin einmitt að ryðja sér til rúms.

Þetta er maðurinn!

Einn atburður í þessu starfi mínu hjá Málningu er mér mjög eftirminnilegur. Vorið 1973 hringdi Kolbeinn Pétursson forstjóri fyrirtækisins í mig og bað mig koma niður á skrifstofu til sín. Þegar ég kom þangað voru þar hjá honum tvær konur, Guðrún Jónsdóttir arkitekt og önnur kona með henni, sem ég man því miður ekki hvað hét. Ég var kynntur fyrir þeim og Kolbeinn sagði: „Þetta er maðurinn.“ Obb obb obb, hugsaði ég, hvað hef ég nú gert?

Á þessum tíma var verið að taka Bernhöftstorfuna í gegn. Guðrún var þá formaður Bernhöftssamtakanna og þau Kolbeinn og hin konan höfðu rætt saman og kynntu þarna fyrir mér um hvað málið snerist. Bernhöftstorfana skyldi máluð. Ég átti að velja litina á húsin og segja til um hvaða efni skyldu notuð. Búið væri að kalla til fjölda fólks, unga listmálara, arkitekta og fjölda annarra. Þannig að ég yrði að vera með mitt alveg á hreinu þegar stundin mikla rynni upp.

Verkefnið var mér ekki alveg óþekkt eftir námið í Óðinsvéum.



Húsgaflinn við Álftarhóla

Þegar ákveðið var að færa mynd eftir málverki Errós á húsgaflinn á Álftahólum 4-6 í Breiðholti var Helga Grétari falið það verkefni ásamt Arnari Óskarssyni málara. Hér eru þeir félagar ásamt listamanninum og Degi B. Eggertssyni við afhjúpun myndarinnar 6. september 2014. „Þetta var mikil vinna og miklir útreikningar,“ sagði Helgi Grétar, „en geysilega skemmtilegt verkefni.“

Við gerðum nokkur tillögu að H. C. Andersen-hverfinu þar í bæ og það var til þess tekið hve vel við settum að upp. Þannig að ég var aldeilis til í slaginn.

Viku seinna var ráðist í herferðina; byrjað kl. þrjú að nóttu og við urðum að klára þetta í síðasta lagi klukkan níu um morguninn. Og einmitt á því slagi var síðasta pensilfarið dregið. Þetta var auð-

vitað bara leiktjaldamálun, en vakti þó almenning til umhugsunar um þessi mál. Margir gjörbreyttu um skoðun á þessum gömlu húsum. Eiginlega má segja að varla megi snerta við gömlum húsum eftir þetta. Þarna voru spennandi hlutir að gerast á spennandi tímum.“

–Er það á þessum tíma eða fyrr sem þú ferð að stússa í gömlum kirkjum, velja liti og mála?

„Já. Þótt ég væri þarna í vinnu við að velja liti og veita ráðleggingar sem byggðu á nýmóðins efnum, þá hafði ég alltaf mikinn áhuga á þessu gamla, fyrri tíð. Ég var til dæmis alltaf með alls konar gamla muni hjá mér á vinnustofunni hjá Málningu, hluti sem ég var að gera upp. Einu sinni var ég þar með gamalt altari úr gamalli kirkju. Þetta voru verkefni sem ég var sjálfur að skapa; ekki mikið um viðgerðir, þær komu seinna þegar ég fór að helga mig þessu.“

Sæmundur var áfram við kennsluna í fjögur ár og ég var kominn á fremsta hlunn með að fara utan aftur. Það var ekki samkvæmt mínu eðli að hanga svona og bíða. Ég leitaði mér ekki að verkefnum í forvörslu, en tók að mér tilfallandi verkefni á því sviði. Svo ég ætlaði mér að fara úr landi. Þegar það kvísaðist út myndaðist líklega einhver þrýstingur frá sveinafélaginu gagnvart Sæmundi. Geri ég ráð fyrir.“

–Þú hefur þá vænti ég verði búinn að skapa þér einhver orðstí, úr því að farið var að leita til þín með verkefni.

–Já, ég held að það hljóti að vera. En svo sem sagt byrjaði ég að kenna á fullu haustið 1978. Þá var ég eini kennarinn í deildinni, en réði til mín efnafræðing til að létta mér starfið.“



Íþaka og MR og Jónas frá Hriflu

–Snúum okkur að Íþöku og Menntaskólanum í Reykjavík.

„Já, nú er verið að endurgera Íþöku, bókasafn Menntaskólans í Reykjavík, allt húsið. Ég málaði salinn með límfarva í fyrri og hitteðfyrri. Verkefninu er ekki lokið, þannig að ég verð eitthvað áfram með þetta skemmtilega verkefnið og reyndar er byrjað á skólahúsinu líka.“

–Þú vinnur þetta sumsé með efnum sem notuð voru þegar húsið var byggt?

„Já og það er gaman að sjá nemendur skólans sýna verkefninu mikinn skilning og virðingu. Við svona endurnýjun eru notuð mjög viðkvæm efni sem krefjast ákveðinnar tillitssemi í umgengni. Menntaskólaaldurinn er kannski versti aldurinn, svona 17 til 18 ára, en þau virða það sem verið er að gera og taka tillit til þess.“

Þannig var að í kringum 1950 fóru veggir skólans að springa mjög mikið. Þá var Jónas frá Hriflu menntamálaráðgjafi. Þegar borin var undir hann ósk um að lagfæra veggina sagði hann bara: „Það er til efni sem heitir krossviður, við klæðum bara veggina með honum.“ Og það var gert, í öllum menntaskólum landsins, og loftið líka sums staðar.

En þegar verið er að eiga við þetta núna er allt krosssprungið innan við klæðninguna, gamla klæðningin var farin að molna í gegn. Þannig að verkið verður miklu meira en gert var ráð fyrir.

Skólinn er upphaflega byggður í Kristiansand í Noregi, fluttur hingað. Í milliveggjum eru sefstangir og þær sparslaðar með gifsi, sem síðan er slípað til og lagfært. Síðan málað með límfarva.

Þegar ákveðið var að ganga í endurnýjunina fyrir þremur árum var ekki gert ráð fyrir að það yrði eins dýrt og raunin varð. En veggirnir voru svo illa farnir. Yngvi Pétursson þáverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík hafði mikinn áhuga og metnað til að skólinn fengi sitt upprunalega útlit, en auðvitað er þetta svakalegur kostnaður. En það gengur náttúrulega ekki að setja bara krossvið yfir allt.“

–Er líf eftir málningu?

„Já já. Ég er alla vega mjög ánægður með ellina. Tók upp á því að mála myndir í hitteðfyrri. Hafði farið í Myndlista- og handíðaskólan og seinna Myndlistarskólann í Reykjavík, við Freyjugötu. Ég mála mikið og er búinn að halda fjórar einkasýningar. Ég efast ekki um að það sé mikið málað hinum megin. En það er spurning hvort maður kemst í almennilegt starf þar. Ég vona samt að ég eigi eitthvað inni hjá almættinu eftir að hafa endurnýjað allar þær kirkjur sem ég hef átt við. Gamall vinnufélagi minn var einhverju sinni að gantast með þessi mál og spurði hvort það yrði ekki nóg að banka bara á gullna hliðið og spyrja eftir Helga Grétari.“

–hm

Lesið má viðtalið í fullri lengd inná heimasíðu okkar, www.fit.is

Helgi Grétar með málningarfötur fyrir framan sig ásamt fjölda fólks sem kom að málun Bernhöfts-torfunnar.



Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrjú varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð líffeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga.

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 37 félagsmenn og 37 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn.

Skulu þeir númeraðir frá 1 - 74 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Um kosningar í embætti hjá FIT

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingarnefndar fyrir aðalfund 2020

TILLAGA UM HLUTA STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2022

FORMAÐUR

Tryggvi F. Arnarson
Kristján Þórðarson
Einar Þór Gíslason
Einar Smári Garðarsson
Andrés H. Hreinsson
Stefán Þór Pálsson

VARAMENN

Unnur Ósk Eggertsdóttir
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason
Ragnheiður Mekkín Ragnarsdóttir

TILLAGA UM AÐALMENN Í HELMING TRÚNAÐARRÁÐS TIL ÁRSINS 2022

2	Sævar Jóhannsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
4	Kristján G. Jóhannesson	Sauðárkróki	Bifvélavirki
6	Kristinn Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki
8	Sigfús B. Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki
10	Sigurður Ástráðsson	Selfossi	Bifvélavirki
12	Guðlaugur Rúnarsson	Reykjavík	Vélvirki
14	Finnur Traustason	Kópavogi	Málari
16	Guðmundur Ottósson	Reykjavík	Bifreiðasmiður
18	Reynir Olgeirsson	Reykjavík	Blikksmiður
20	Elías Þorsteinnsson	Akranesi	Vélvirki
22	Svanhildur B. Sigfúsdóttir	Reykjavík	Garðyrkjum.
24	Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
26	Benedikt Viggósson	Suðurnesjabær	Húsasmiður
28	Árni Stefánsson	Reykjavík	Pípulagningam.
30	Sigurþór G. Sigfússon	Reykjanesbæ	Múrari
32	Stefán S. Agnarsson	Vestmannaeyjum	Vélvirki
34	Ólöf Magnúsdóttir	Reykjavík	Tækniteiknari
36	Stefanía Stefánsdóttir	Grindavík	Tækniteiknari

TILLAGA UM HELMGING VARAMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2022

40	Valdimar Þorvaldsson	Akranesi	Vélvirki
42	Rúnar B. Ásgeirsson	Mosfellsbæ	Bifvélavirki
44	Eiríkur Gunnarsson	Kópavogi	Bifvélavirki
46	Gunnar Kristinsson	Garðabæ	Múrari
48	Ívar O. Guðmundsson	Kópavogi	Múrari
50	Magnús H. Þorgeirsson	Kópavogi	Blikksmiður
52	Guðmundur Bergsson	Selfossi	Húsasmiður
54	Ellisif M. Bjarnadóttir	Selfossi	Skrúðgarð.
56	Grímur Björnsson	Akranesi	Vélvirki
58	Ólöf A. Ólafsdóttir	Selfossi	Garðyrkjum.
60	Georg K. Sigurðsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
62	Bjarni M.r Svavarsson	Grindavík	Húsasmiður
64	Jóhannes Grettisson	Vestmannaeyjum	Húsasmiður

66	Magnús M. Haraldsson	Reykjavík	Pípulagningam.
68	Hans Ísebjörn	Mosfellsbæ	Múrari
70	Ingibjörg K. Valsdóttir	Mosfellsbæ	Tækniteiknari
72	Sigurður H. Einarsson	Hafnarfirði	Vélvirki
74	Arnór Ágústsson	Reykjavík	Blikksmiður

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2020

AÐALMENN

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sævar Jóhannsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Suðurnesjabær
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ
Ásbjörn Árnason	Suðurnesjabær

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2020

1	Hilmar Harðarson	Reykjavík
2	Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
3	Helgi Ólafsson	Reykjavík
4	Þorsteinn Kristmundsson	Hveragerði
5	Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
6	Stefán Þór Pálsson	Reykjavík
7	Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
8	Einar Þór Gíslason	Reykjavík
9	Vilhjálmur Gunnarsson	Akranes
10	Andrés Haukur Hreinsson	Állftanesi
11	Sveinn Jónsson	Reykjavík
12	Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Reykjavík
13	Kjartan Tómasson	Kópavogur
14	Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
15	Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
16	Birgir Gíslason	Kópavogi
17	Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík
18	Úlfar Hróarsson	Hafnarfjörður
19	Gestur Pálsson	Garðabær
20	Ármann Ægír Magnússon	Hveragerði

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á PINGI A.S.Í. ÁRÍÐ 2020

AÐALMENN

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarsson
Ástvaldur Sigurðsson
Vilhjálmur Gunnarsson
Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson



Heimir B. Janusarson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Sigfinnur Gunnarsson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Haukur Hreinsson
Logi Halldórsson
Rúnar Bogason
Unnur Ósk Eggertsdóttir
Stefán Þór Pálsson
Kristján Þórðarson
Einar Smári Garðarsson
Ólafur Kristinn Hafsteinsson
Kjartan Tómasson
Kristján Þórðarson
Sigríður Runólfsdóttir
Stefán Sigurþór Agnarsson
Ingigerður Magnúsdóttir
Ragnheiður Mekkín Ragnarsdóttir
Ármann Ægír Magnússon

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2018 UM KJÓRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2020

AÐALMENN

Kristinn Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki
Logi H Halldórsson	Reykjanesbæ	vélvirki
VARAMENN		
Ólafur K. Hafsteinsson	Reykjavík	Bifvélavirki
Maron Tryggvi Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2020

AÐALMENN

Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
Ólafur K. Hafsteinsson	Hafnarfirði	Bifvélavirki

VARAMENN

Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi	Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA 2020

Stefán Agnarsson	Vestmannaeyjum	vélvirki
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum	vélvirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRÍÐ 2020

Heimir Hafsteinsson
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDA 2019 TIL 2020

Einar Þór Gíslason	Bifreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bifvélavirki
Birgir Gíslason	Málari
Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Logi H Halldórsson	vélvirki



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

- ◆ Séreignarsparnaður hefur fjölmarga kosti og er jafnframt hagkvæmasta sparnaðarleiðin sem er í boði í dag.
- ◆ Þú leggur 2-4% af launum í séreignarsparnað og vinnuveitandi leggur til 2% mótframlag sem er ígildi launahækkunar.
- ◆ Séreignarsparnaður erfist að fullu og skerðir ekki greiðslur almanna-trygginga.
- ◆ Þrjár sparnaðarleiðir eru í boði - þitt er valið